

**Sp.**

**132. Tillaga til þingsályktunar**

[74. mál]

um undirbúning heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið.

Flm.: Jón Skaftason, Ágúst Þorvaldsson, Ingvar Gíslason, Björn Pálsson,  
Gísli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson,  
Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að kjósa 9 manna nefnd til þess að undirbúa setningu heildarlöggjafar um hagnýtingu fiskimiðanna umhverfis landið. Skulu 5 nefndarmanna kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en Hafrannsóknastofnunin tilnefna 2 nefndarmenn, Landssamband íslenzkra útvegsmanna 1 nefndarmann og heildarsamtök sjómanna 1 nefndarmann.

Nefndin skal hraða störfum eftir föngum, og greiðist kostnaður við störf hennar úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Fiskimiðin umhverfis landið eru með dýrmætustu auðlindum landsmanna. Afkoma þjóðarinnar að undanfögnu hefur byggzt meira á sjávarafli en nokkurri annarri framleiðslu. Mun svo vafalaust verða enn þá um ófyrirsjáanlega framtíð.

En fiskimiðin umhverfis Ísland eru ekki ótæmandi frekar en annars staðar, og hraðvaxandi floti erlendra og innlendra fiskiskipa með fullkomnari veiðiútbúnað ári frá ári gerir þörfina fyrir lagasetningu um skipulegar veiðar á hafsvæðinu umhverfis landið æ nauðsynlegri.

Þessar reglur þurfa að miða að því að nýta fiskimiðin eins heppilega fyrir landsmenn og kostur er og þá að sjálfsögðu að gæta þess um leið að ganga ekki of nærri stofnum helztu nytjafiska.

Þetta verður að dómi flutningsmanna bezt gert á þann hátt að ákveða veiðisvæði fyrir vissar tegundir veiðarfæra og skipuleggja þannig sjálfar veiðarnar og hins vegar með því að ákveða viss friðunarsvæði, þar sem uppeldisstöðvar nytjafiska eru. Er það verkefni þeirrar nefndar, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, að kosin verði, að kanna þetta mál ýtarlega í því skyni að finna sem hagkvæmast fyrirkomulag í þessum efnunum.

Flutningsmönnum eru vissulega ljósir ýmsir vankantar við þá skipan, sem hér er lagt til, að upp verði tekin. Bæði er, að fiskigöngur haga ferðum sínum ólíkt einstök ár og kynnu því fastar reglur að tálma nokkuð því valfrelsi, sem nú tíðkast við veiðarnar. En þrátt fyrir það eru þeir hagsmunir miklu stærri, sem bundnir eru við skipulegar veiðar og verndun uppeldisstöðva, sem tillöguflutningur þessi miðar að. Reynsla erlendra fiskveiðipjóða bendir líka eindregið í þá áttina, og má t. d. nefna fordæmi Norðmanna, sem hafa sett ýtarlegar reglur um nýtingu sinna heimamiða. Mætti nokkuð styðjast við reynslu þeirra í þeim efnunum.

Það er nú nokkuð almennt viðurkennt, að setja þurfi reglur um hagnýtingu auðæfa hafsins. Má í því sambandi vitna til þeirra umræðna, sem um það mál urðu á þingi hinna Sameinuðu þjóða í byrjun s. l. vetrar. Flestum hugsandi mönnum er ljós sú hættu, sem hömlulaus veiði getur haft á fiskistofnana, þótt ólíkir hagsmunir ýmissa fiskveiðipjóða og stundarhagsmunir hafi enn þá komið í veg fyrir setningu slíkra reglna.

Íslendingar eiga þjóða mest undir því komið, að vel takist til í þessum efnunum. Þeim ber því skylda til þess að ganga á undan með skipulagningu veiðanna í eigin fiskveiðilandhelgi. Reglur, er miðuðust við hámarksarðsemi veiðanna án þess að ganga of nærri fiskistofnunum og þá að sjálfsögðu ungfiskinum fyrst og fremst, mundu einnig duga okkur vel í baráttunni fyrir rýmri fiskveiðilandhelgi, sem okkur er lífsnauðsyn að fá fram sem fyrst. Reynslan af fyrri útfærslum fiskveiðilandhelginnar, sem allar byggðust á lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins frá árinu 1948, sannar það vel.